

Mál nr. 21/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bætur úr húftryggingu vegna skemmda á bifreið sem var skemmd fyrir.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 16.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 2.2.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðin A í eigu M var kaskótryggð hjá X. Bótaskyld tjón varð á A, m.a. á hurðum hægra megin. Fyrir voru skemmdir á hurðunum sem höfðu orðið áður en vátryggingin tók gildi og þá hafði X greitt bætur til þáverandi eiganda bifreiðarinnar m.a. vegna þessara skemmda. Vegna þessa hefur X einungis fallist á að greiða tjónabætur til að lagfæra A “að því marki sem hún var er hún var tekin í kaskótryggingu.”

M hefur ekki sætt sig við það hvernig X hyggst bæta tjónið á A.

Álit.

Ekki er um það deilt að A var skemmd fyrir, er M húftryggði hana hjá X. Samkvæmt gr. 17.1. í skilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda greiðir félagið kostnað við að gera við ökutækið að svo miklu leyti sem unnt er þannig að það sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón. M.a. með vísan til þessa ákvæðis á M ekki rétt á því að fá eldra tjón bætt. Ekkert í gögnum málsins bendir til að X hafi vanrækt lögmæltu upplýsingaskyldu sína við töku vátryggingarinnar eða að X hafi áskilið sér hærri iðgjald en svo að því verði gert að greiða hærri bætur en vátryggingarskilmálar kveða á um

Niðurstaða.

X er ekki skyld að bæta tjón sem var fyrir á A, þegar bótaskyld tjón varð á henni.

Reykjavík, 3. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.